

**FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR  
(ESB) 2021/152****2022/EES/72/82****frá 3. febrúar 2021****um að veita heitinu Ponikve (vernduð upprunatáknun) vernd skv. 99. gr. reglugerðar  
Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1308/2013 (\*)**

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1308/2013 frá 17. desember 2013 um sameiginlegt markaðskerfi fyrir landbúnaðarafurðir og um niðurfellingu á reglugerðum ráðsins (EBE) nr. 922/72, (EBE) nr. 234/79, (EB) nr. 1037/2001 og (EB) nr. 1234/2007 <sup>(1)</sup>, einkum 99. gr.,*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

- 1) Í samræmi við 2. og 3. mgr. 97. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1308/2013 hefur framkvæmdastjórnin tekið til meðferðar umsókn sem Króatía sendi um skráningu heitisins „Ponikve“ og birt hana í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins* <sup>(2)</sup>.
- 2) Framkvæmdastjórninni hefur ekki borist nein yfirlýsing um andmæli skv. 98. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1308/2013.
- 3) Í samræmi við 99. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1308/2013 ætti að veita heitinu „Ponikve“ vernd og færa það inn í skrána sem um getur í 104. gr. sömu reglugerðar.
- 4) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit nefndarinnar um sameiginlegt markaðskerfi fyrir landbúnaðarafurðir.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

*1. gr.*

Heitinu „Ponikve“ (VUT) er hér með veitt vernd.

*2. gr.*Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

(\*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjttíð. ESB L 46, 10.2.2021, bls. 1. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 274/2022 frá 23. September 2022 um breytingu á bókun 47 við EES-samninginn um afnám tæknilegra hindrana í viðskiptum með vín (bíður birtingar).

(<sup>1</sup>) Stjttíð. ESB L 347, 20.12.2013, bls. 671.

(<sup>2</sup>) Stjttíð. ESB C 323, 1.10.2020, bls. 12.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 3. febrúar 2021.

*Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,*

*Fyrir hönd forsetans,*

Janusz WOJCIECHOWSKI

*framkvæmdastjóri.*

\_\_\_\_\_